

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla 6. áfanga Hnoðravellir 9-19.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 29. ágúst 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla 6. áfanga, Hnoðravellir nr. 9-19 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggingarreitur lengist og verður 17 m í stað 12 m og að byggðar verði einnar hæðar byggingar í stað tveggja hæða bygginga. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 19. september 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2007